

**Nr. 109 / 12 Kristbjörg VE 71*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 0084  
Smíðaður: Kristiansand Noregi 1961, stál  
Stærð: 212 brl. 320,8 bt.  
Mesta lengd: 39,61 m Skráð lengd: 36,19 m  
Breidd: 6,8 m Dýpt: 5,9 m  
Vél: Grenaa 662 kW, 1981  
Fjöldi skipverja: 12



Kristbjörg © Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 25. febrúar 2012 var Kristbjörg VE 71 á netaveiðum á SV miðum. Veður: SA 10 m/s.

Skipverji var að ísa fisk í lest og stóð inn í síðustíu þegar botn (hilla) í henni gaf sig með þeim afleiðingum að hann féll og lenti með síðuna á lestarfjöl í uppstillingu stúnnar. Hann varð óvinnufær á eftir og leitaði læknis þar sem í ljós kom að rifbein höfðu brákast.

***Við rannsókn kom fram:***

- að í síðum lestarinnar var ísinn geymdur í stíum sem afmarkaðar voru með heilum hliðum þverskips en stillt upp með álborðum inn að „steis“ (miðju lestar) en sú uppstilling hafði verið fjarlægð sökum vinnunnar. Stúrnar voru afmarkaðar með hillu ofan við mesta fláa súðarinnar. Þessi hilla (gólf) var úr álborðum sem raðað var í fals á þilunum og féllu þessi borð niður í tómarúmið fyrir neðan;
- að slasaði sagðist ekki hafa heyrt að hilluborðin hafi fallið svona niður áður en þau brotnuðu ekki.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.